

Alþingi
Erindi nr. P 136/756
komudagur 16.1.2009

Iceland Express 

Samgöngunefnd Alþingis
150 Reykjavík

Grímsbæ
Efstalandi 26
IS 108 Reykjavík
Sími: 5 500 600
www.icelandexpress.is

Reykjavík, 16 janúar 2009.

Athugasemdir við breytingar á 8. gr. frumvarps til laga um breytingu á lögum um loftferðir, nr. 60/1998 með síðari breytingum.

- *Í 1. og 2. mgr. 11.gr. frumvarpsins er kveðið á um heimild rekstraraðila flugvalla, rekstraraðila flugleiðsöguþjónustu og rekstrarstjórnun flugumferðar, til gjaldtöku til að standa undir rekstri flugvalla og fyrrnefndrar þjónustu.*

Af hálfu IEX er þessi grein túlkuð þannig að hér sé um að ræða auknar álögur á hendur flugfélögum ef sá skilningur er réttur að allur kostnaður af rekstrarkostnaði Keflavíkurflugvallar eigi að greiðast með slíkri gjaldtöku.

Í dag er einungis hluti af rekstrarkostnaði flugvallarins fjármagnaður með gjaldtöku, en að megninu til með beinu framlagi úr ríkissjóði og ef tilgangur þessarara greinar er sá að koma þessum kostnaði frá ríki yfir til flugfélaga, hlýtur slíkt óhjákvæmilega að endurspeglast í nauðsynlegum fargjaldahækkunum til að koma til móts við þessa útgjaldaliði.

Keflavíkurflugvöllur er, sem eini millilandafflugvöllurinn á Íslandi, ákaflega mikilvægt samgöngumannvirki og skilar jafnframt umtalsverðum tekjum til ríkisins með beinum jafnt sem óbeinum hætti.

Fargjaldahækkun gæti leitt til minnkandi farþega fjölda um flugvöllinn, sem um leið hefur áhrif á fjölda ferðamanna til Íslands og þær gjaldeyrstekjur sem þeir skapa þjóðarþúinu. (sem það hefur í för með sér.)

Af hálfu IEX er því eindregið lagst gegn því að rekstrarkostnaður Keflavíkurflugvallar verði með þessum hætti lagður á herðar flugfélögum, auk þess sem mikilvægt er að veita ekki rekstraraðila Keflavíkurflugvallar of frjálssar hendur við að hækka álögur á notendur.

- *Í 2. mgr. 12.gr. frumvarpsins er tilgreindur sá tímafrestur sem rekstraraðili flugvallar þarf að leggja fyrir notendur tillögur um breytingar eða aðrar mikilvægar ráðstafanir, sem a.m.k. fjórir mánuðir fyrir áætlaða gildistöku.*

Af hálfu IEX er lagt til að þessi tímafrestur verði lengdur upp í a.m.k. sex mánuði þar sem áætlun er gerð a.m.k 6 mánuði fram í tímann.

- Í 2. mgr. 12.gr. frumvarpsins er því lýst yfir að náist ekki samkomulag um fyrirhugaðar ákvarðanir, sé rekstraraðili flugvallar vera óbundinn af sjónarmiðum notenda flugvallar. Jafnframt er tekið fram að notendur geti fari fram á frekari rökstuðning og annan fund með rekstraraðila til frekari viðræðnaum slíkar ráðstafanir.

Teljast verður óásættanlegt að rekstraraðila séu með þessu gefnar frjálssar hendur með að ákvarða einhliða þær breytingar og ráðstafanir sem varða beint hagsmuni notenda.

Lagt er til að skipuð verði áfrýjunarnefnd aðila sem hefur það hlutverk að úrskurða í þeim ágreiningsefnum sem upp kunna að koma á milli aðila.

- Í 4. mgr. 12.gr. frumvarpsins er tilgreindur sá tímafrestur sem rekstraraðili flugvallar þarf að hafa við tilkynningar á ákvörðun um breytingar eða aðrar mikilvægar ráðstafanir, a.m.k. tvo mánuði fyrir áætlaða gildistöku.

Af hálfu IEX er lagt til að þessi tímafrestur verði lengdur upp í a.m.k. fjóra mánuði. (sama skýring og á við 2.mgr.12.gr. frumvarpsins)

- Í 4. mgr. 12.gr. frumvarpsins er kveðið á um heimild ráðherra til að setja í reglugerð nánari ákvæði um notendanefndir flugvalla


Lagt er til að ráðherra setji eins fjótt og auðið er ákvæði þessa efnis í reglugerð til að koma í veg fyrir mögulegan framtíðarágreining um hlutverk og skipan notendanefndar og skapa sátt um nefndina.


- Um 8. gr. Frumvarpsins, bætist ný málsgrein við 57 gr. c laganna sem kveður nánar um afgreiðslugetu flugvallar og í hvaða tilviki eigi að taka hana til skoðunar og hverjir geta farið fram á það

Iceland Express óskar eftir því að Samgöngunefnd Alþingis kynni sér skýrslu samkeppniseftirlitsins frá 27.nóvember 2008, skýrsla nr. 2/2008 sem kveður á um heftandi samkeppnisstöðu í gr.11.1 "Óthlutun afgreiðslutíma skelkir samkeppni",

Mikilvægt er að stjórnvöld tryggji eðlilegt samkeppnisumhverfi innan flugvallarins til að tryggja jafna stöðu notenda og koma í veg fyrir óeðlilegt samkeppnisforskot eins aðila á kostnað annarra.

Virðingarfyllst,


Lára Arnadóttir
Fjármálastjóri


Hildur María Gunnarsdóttir
Rekstrarstjóri